



## Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun Menntavísindasvið Háskóli Íslands

Ritrynd grein birt 17. október 2017

►► Yfirlit greina

Berglind Rós Magnúsdóttir og Helga Hafdís Gísladóttir

# „Þá er gott að fá einhvern utanað- komandi...sem borin er virðing fyrir“

## Bjargráð mæðra við skólagöngu einhverfra barna sinna í ljósi stéttakenningar Bourdieu

► Um höfunda ► Efnisorð

Markmið rannsóknarinnar var að skoða reynslu mæðra af samskiptum við kennara og annað fagfólk á menntavettvangi í ljósi ólíkrar stéttarstöðu. Meginefnið rannsóknarinnar er sex hálfopin einstaklingsviðtöl við mæður grunnskólabarna á einhverfurófi og tvö upplýsingaviðtöl við sérfræðinga á vettvangi stjórnáslu. Kenningarammi Bourdieu var nýttur til að greina hvernig bakgrunnur mæðranna, með áherslu á efnahags-, menningar- og félagsauð, markaði stöðu þeirra, samskipti og væntingar á vettvangi menntunar. Kerfisbundið aðgengi mæðranna að ráðgjöf og stuðningi varð minna, að eigin mati, eftir því sem barnið varð eldra, en þá fór auður þeirra og óformlegt aðgengi að skipta meira máli, og ljóst varð að mæður í millistétt stóðu þá betur að vígi. Félagsauður skipti sköpum og umbreytti stöðu móður í lægri stétt. Félagsauður barst í gegnum sterk fjölskyldutengsl, vinatengsl, tengsl við vinnufélaga og kunningja, og/eða tengsl við aðra foreldra með börn á einhverfurófi. Ólíkur menningarauður birtist í mismiklu a) sjálföruggi í samskiptum, b) þekkingu á leikreglum menntavettvangsins og c) virkni í samskiptum við kennara og sérfræðinga. Það er mat höfunda að nauðsynlegt sé að samhæfa betur kerfið milli skólastiga og tryggja að þar sé þekking á stéttamun og tekið sé tillit til hans. Víkka þarf út skilgreiningar á stéttarhugtakinu þannig að það nái einnig til félags- og menningarauðs og beita eigindlegri nálgun til að ná betur að greina ferli, bjargráð og aðgerðir sem ýta undir eða minnka stéttamun og birtingarmyndir hans í íslensku menntakerfi.

**“Then it is crucial to get some external person with respectability to the meetings”:  
Mothering practices and collaboration with teachers and professionals to secure their  
autistic children’s schooling and professional services – Bourdieusian class analysis**

► About the authors ► Key words

In Iceland, social class is an understudied field of research in terms of social justice in education. The theoretical purpose of the research was to explore class disposition of mothers of children with learning disabilities in relation to their experience of schooling by using Pierre Bourdieu’s theoretical framework. Bourdieu’s concepts of habitus, field and capital are used to explore how mothering practices and resources are shaped by their class position, as well as how the education field of compulsory schooling opens up possibilities to some while closing them to others. The practical purposes of this research were to explore parental experience of the school and professional services concerning the education of their autistic child, as well as communication with their child’s teachers and other professionals at school.

This research is a pilot study in preparation for a more extensive research project on Parental practices, choices and responsibilities within the Icelandic education field, designed and led by the first author, financed by The University of Iceland Research Fund and the Icelandic Equality Fund. In this paper the theoretical and methodological framework of the project is introduced and used to analyse a small dataset, collected for the MA-thesis of the second author, comprising a total of eight semi-structured interviews. The main interviewees were six mothers of children with autism spectrum disorder, and supplementary interviews were taken with a project manager of inclusive education at the Reykjavík Municipality educational office and a worker from a grassroots consultancy centre (Icel. Sjórnarhóll) for parents of children with special needs.

This research is a pilot study in preparation for a more extensive research project on Parental practices, choices and responsibilities within the Icelandic education field, designed and led by the first author, financed by The University of Iceland Research Fund and the Icelandic Equality Fund. In this paper the theoretical and methodological framework of the project is introduced and used to analyse a small dataset, collected for the MA-thesis of the second author, comprising a total of eight semi-structured interviews. The main interviewees were six mothers of children with autism spectrum disorder, and supplementary interviews were taken with a project manager of inclusive education at the Reykjavík Municipality educational office and a worker from a grassroots consultancy centre (Icel. Sjórnarhóll) for parents of children with special needs.

The mothers who participated in the research belonged to two distinctive class groups in terms of education and occupation. Three counted as middle-class. They had tertiary education degrees, worked as professionals and were married to their children's fathers who had a similar class position. The lower-class mothers had GCSE or A level equivalent education; two of them struggled with health issues and were not participating in the labour market. None of the three lived with the child's father and he took no part in the upbringing of the child. Two of them were single mothers and one was co-habiting with a new partner. In a Bourdieusian class analysis the data indicated a clear division between the mothers in terms of economic, cultural and social capital.

The SEN-industry in Iceland has intensified and in the compulsory schools access to resources is not guaranteed, resulting in growing insecurity among the mothers with regard to obtaining the services of a paraprofessional to conduct a personalized special-ed programme for their child. This was especially the case after they joined secondary school. Subsequently, parental class resources and capital turned out to be more important. Overall, the middle-class mothers exhibited more confidence in their communication with the school. However, the culture of intensive parenting is rather young in Icelandic education, so all of the mothers were quite afraid of being seen as too pushy and demanding for their children.

One of the main contributions of this research is exhibited in the title of this paper. The title is a quote from a middle-class mother, who felt strongly about the importance of having someone with respectability alongside her in the school- and at professional-meetings, in order to obtain needed services and interventions for her child. The middle-class mothers perceived that acquaintance with people who had high enough symbolic capital was helpful in moving things forward for their child. One of the lower-class mothers boosted her social capital by starting to work in her children's school which gave her invaluable insight into the rules of the game in the field of education and had ground-breaking effects for her child. However, such knowledge and overview was easily accessible to the middle class mothers as they enjoyed more valuable connections through relatives, friends, acquaintances and parent associations.

## Inngangur

Ýmsar erlendar rannsóknir sýna að bakgrunnur, reynsla og stéttarstaða foreldra skiptir máli í samskiptum við skóla (Holloway og Pimlott-Wilson, 2013; Lareau, 2002; Perrier, 2013; Reay, 2004a; Riddell, Brown og Duffield, 1994). Þetta verður enn ljósara þegar um börn með námsörðugleika og/eða krefjandi hegðun er að ræða (Dudley-Marling, 2001; Tomlinson, 2011). Fræðilegt gildi þessarar rannsóknar felst í því að nýta aðferðir og kenningar Bourdieu til að varpa ljósi á það hvernig bakgrunnur og aðstæður móta bjargráð mæðra sem eiga börn á einhverfurófi. Í greininni er fjallað um hvernig bakgrunnur og aðstæður, með áherslu á veruhátt, menningar- og félagsauð, marka þátttöku þeirra í skólastarfi og samskipti við skólafólk og sérfræðinga.

Greinin er eins konar forrannsókn (e. *pilot study*) fyrir stærra rannsóknarverkefni sem ber heitið *Virkni, val og skyldur foreldra í íslensku menntakerfi*, þar sem beitt er gagnrýnu sjónarhorni og nýttar kenningar Pierre Bourdieu. Meginmarkmið greinarinnar er annars vegar að gefa innsýn í kenningalíkan rannsóknarverkefnisins, sem er byggt á doktorsrannsókn fyrri höfundar (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2014; 2015), og hins vegar að nýta það líkan til að greina bjargráð (e. *resources*) mæðra með börn á einhverfurófi þegar kemur að skólagöngu og sérfræðiráðgjöf (Helga Hafðís Gísladóttir, 2015). Rýnt er í reynslu mæðranna af samskiptum við kennara og annað fagfólk og á hvern hátt hún er ólík eftir bakgrunni þeirra, aðstæðum, möguleikum og tækifærum sem þeim bjóðast.

Þekkt er að fötlun og hegðunarraskanir hafa afgerandi áhrif á skólagöngu barna og vinna foreldra að uppeldi og skólagöngu verður gjarnan meiri en ella (Blum, 2007; Dóra Bjarnason, 2011). Vinna íslenskra foreldra sem snertir menntun barna þeirra hefur að mestu varðað heimanám og félagsstarf nemenda. Bein samskipti við kennara og sýnileiki foreldra inni í skólanum hafa hins vegar lengst af verið lítil (Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014). Áhrif foreldra á skólastefnu voru í fyrsta skipti lögfest með grunnskólalögum 2008. Þar segir jafnframt að foreldrum beri skylda til að vera í virkum samskiptum við kennara og skólafyrirvöld og standa vörð um hagsmuni barnsins gagnvart skólanum (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011; Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Ýmislegt bendir til þess að á síðustu árum hafi samstarf af þessum toga aukist (Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014). Þannig telja kennarar að mesta álagið í starfi í skóla án aðgreiningar tengist nemendum með krefjandi hegðun (Avramidis og Norwich, 2002; de Boer, Pijl og Minnaert, 2011), og hérlendar rannsóknir hafa varpað ljósi á áhyggjur af agamálum og ákveðið úrræðaleysi meðal kennara gagnvart nemendum sem sýna verulega krefjandi hegðun (Grétar L. Marinósson, 2003; Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006), einnig kemur þetta fram þegar rætt er sérstaklega við kennara um nemendur á einhverfurófi (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2016).

Viðmælendur í rannsókninni eru mæður barna sem eru skilgreind á einhverfurófi, þar sem vitað er að samskipti þeirra við sérfræðinga og starfsfólk eru gjarnan meiri en gengur og gerist og nemendahópurinn talinn meira krefjandi en almennt getur talist. Þannig á val á viðmælendum að varpa sem bestu ljósi á það hvernig bakgrunnur og aðstæður mæðra og fjölskyldna hér á landi geta skipt sköpum í samskiptum heimilis og skóla.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim kenningum, aðferðum og rannsóknum sem mótuðu rannsóknina. Greinin er skrifuð í anda gagnrýninna kenninga.<sup>1</sup> Það merkir að uppsetning hennar er ekki hefðbundin, þ.e. að á eftir inngangi komi fræðilegt yfirlit, aðferðafræði, niðurstöður og svo umræðukafli þar sem áður nefnd fræði og niðurstöður eru fléttuð saman. Rannsóknin er kenningadrifin og gerð er grein fyrir kenningum, hugtökum og aðferðum í einum kafla. Greinin er byggð á gagnrýnum hefðum sem hafna því að til sé veruleiki sem fræðimenn þurfi einfaldlega að leita uppi og lýsa með hlutlausum hætti. Því mótast rannsóknarspurningar, gagnaöflun og greining af reynsluheimi rannsakandans og þeim kenningum sem hann gengur út frá (Bourdieu & Wacquant, 1992). Umræður og niðurstöður tengjast þess vegna órjúfanlegum böndum og eru fléttuðar saman í þeim fjórum köflum sem koma á eftir. Sá fyrsti fjallar um stéttgreiningu þátttakenda. Kaflinn sem þá tekur við er yfirlit um leikreglur og samspil þeirra vettvanga sem koma við sögu í rannsókninni. Þá er komið að því að greina eigindlegri þætti stéttarstöðu með því að rýna í samskipti mæðranna við kennara og sérfræðinga. Í síðasta kaflanum er fjallað um mikilvægi félagsauðs fyrir valdastöðu mæðranna. Loks er svo samantekt á helstu atriðum.

„Þá er gott að fá einhvern utanaðkomandi...sem borin er virðing fyrir“:  
Bjargráð mæðra við skólagöngu einhverfra barna sinna í ljósi stéttakenningar Bourdieu

## Kenningar og aðferðir – Bourdieúskar stéttarannsóknir á skólavettvangi

Rannsóknin er byggð á kenningalegum ramma Bourdieu og skrifum fræðikvenna sem hafa útfært kenningar hans í rannsóknum á foreldrastarfi í skólum (Bourdieu, 1993; Bourdieu og Wacquant, 1992; Horvat, Weininger og Lareau, 2003; Reay, 1998). Rannsóknin er kenningadrifin (e. *theoretically driven*) eins og flestar rannsóknir sem eru byggðar á gagnrýninni rannsóknarhefð (Creswell, 2003). Þar vegur þyngst iðjukenning Bourdieu (e. *theory of practice*) sem leggur áherslu á að þekking mótist í samspili kenninga og empirískra gagna. Aðferðafræði, hönnun rannsóknarinnar, sýn á rannsóknarefnið og meginhugtök í rannsókninni mótast af kenningu Bourdieu. Meginhugtök hans eru lögð til grundvallar; vettvangur, auður og veruháttur, en hann nýtti þau til að þróa og víkka út hugtakið stétt þannig að það tæki betur til félags- og menningarlegra þátta. Hér verður gerð grein fyrir meginhugtökum Bourdieu, notkun þeirra í stétta- og menntarannsóknum og í framhaldinu er stéttarstaða viðmælenda skilgreind.

## Gagnrýni á hefðbundnar stéttarannsóknir – samspil vettvangs, veruháttar og auðs

Bourdieu gerði rannsóknir sínar og þróaði kenningar og hugtök með etnógrafískum aðferðum á tilteknum vettvangi. Samfélög eru samsett af félagslegum vettvöngum sem eru misjafnlega sjálfstæðir og aðgreindir hver frá öðrum. Vettvangur nær út fyrir athafnasvæðið, í þessu tilfalli skólann sjálfan (Bourdieu, 1993). Menntavettvangurinn hefur t.a.m. þróast á síðustu árum meira í átt að „neytendum“ í viðskiptavæddu menntakerfi, og er þá ýmist um að ræða foreldra eða eldri nemendur (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013). Í lögum um grunnskóla (91/2008) hefur orðræðan færst frá kennurum yfir á foreldra, eins og sjá má með einfaldri orðhlutatalningu. Þar kemur orðhlutinn foreldr- fyrir 60 sinnum en kennar-/kennur- kemur 28 sinnum fyrir (Lög um grunnskóla nr.91/2008). Vettvangi má lýsa sem samskipti milli aðila sem „takast á um að skilgreina eitthvað sem þeim er sameiginlegt“ og þeim þykir verðmætt (Gestur Guðmundsson, 2012, bls. 72). Leikreglur mótast smám saman við þessa togstreitu eða baráttu og verða að lokum sérstakt regluverk sem einkennir vettvanginn og skapar honum sérstöðu.

Hver vettvangur byggist því á valdatengslum milli einstaklinga og stofnana þar sem keppst er um ákveðin gæði og auðmagn. Þeir sem hafa markað sér sterka stöðu vilja gjarnan viðhalda „leiknum“ og þeim leikreglum sem hafa viðgengist og átt sinn þátt í að skapa þeim æskilega valdastöðu. Millistéttarforeldrar ófatlaðra barna hafa í erlendum rannsóknum reynst vera helstu valdhafar á skólavettvangi og hafa sýnt ákveðna íhaldssemi, m.a. gagnvart hugmyndum um skóla án aðgreiningar (Brantlinger, 2008). Hver vettvangur verður fyrir alls kyns áhrifum, bæði innan frá og utan, og er háður öðrum vettvöngum en þeir eru í stigveldi sem er breytilegt eftir tíma og stað (Bourdieu, 1989, 1993). Sem dæmi er menntavettvangurinn gjarnan undirskipaður stjórn-málavettvangnum og síðustu áratugi hefur hann verið að þokast undir viðskiptavettvanginn með aukinni markaðsvæðingu menntunar (Ball, 2006; Gewirtz, Ball og Bowe, 1995). Til að vettvangur þrífist sem slíkur þurfa að vera tilteknir sameiginlegir hagsmunir allra þeirra sem eru þátttakendur og þeir séu háðir tilteknu auðmagni og gæðum sem þar bjóðast til að skapa sér þá stöðu. Þátttakendur eru miskunnugir þessum leikreglum og hafa ekki beint val um þátttöku, eins og t.d. á menntavettvangi, og sumir „finna sig“ illa í leiknum (Bourdieu, 2002). Vettvangur mætti allt eins þýða sem leikvang með skírskotun í hugmyndaheim íþróttar, þar sem sumir keppendur eru á heimavelli og aðrir á útivelli (Ólafur Páll Jónsson, 2011).

Í menntarannsóknum er oft talað um menntavettvang og heimili nemenda sem annan vettvang. Samstarf heimila og skóla er mikilvægur þáttur í öllu skólastarfi og mikilvægt að þessir tveir vettvangar vinni vel saman (Brooker, 2002). Bakgrunnur foreldra; veruháttur, menningar- og félags-auður getur haft áhrif á aðgengi þeirra, þekkingu og þor til að leita til menntavettvangsins (Lareau, 2002; Reay, 1998). Fyrri reynsla og félagslegur uppruni hvers einstaklings mótar veruhátt hans. Hann birtist í framkomu, tjáningu, líkamsburðum og viðbrögðum. Veruháttur breytist með tímanum með nýrri reynslu en lengi býr að fyrstu gerð. Líðan við ákveðnar aðstæður markast af fortíðinni. Upplifun af eigin skólagöngu markar samskipti foreldra við skólann í núinu (Bourdieu, 2002; Reay, 2004b). Menntavettvangurinn getur í þessu samhengi orðið yfirvettvangur, sem ákveðnum hópi foreldra þykir erfitt að eiga samskipti við.

Bourdieu þróaði hugtakið menningarauð, m.a. til að geta tengt menningarneyslu við stéttarstöðu einstaklinga. Fólk neytir ýmiss konar menningar frá unga aldri og byggir upp færni og þekkingu á ýmsum sviðum en hún verður ekki að menningarauði fyrr en hún veitir viðurkenningu og eflir valdastöðu og möguleika á tilteknum vettvangi. Menningarauður hefur mismunandi birtingarmyndir á menntavettvangi. Í fyrsta lagi birtist menningarauður í veruhætti hvers og eins og kemur t.d. fram í málfari, líkamsstöðu og sjálfstrausti í samskiptum við sérfræðinga og kennara (e. *the embodied state*). Í öðru lagi felur hann í sér hlutbundið auðmagn (e. *the objectified state*) sem vísar til þeirra menningarlegu verðmæta sem einstaklingur elst upp við. Þá er t.d. átt við lestur bóka en slík iðja fellur vel að leikreglum menntavettvangsins. Í þriðja lagi er menningarauður bundinn stofnunum og virði þeirra (e. *the institutionalized state*). Prófskírteini og námsgráður eru eins konar gjaldmiðill á menntavettvangi og síðar á öðrum vettvöngum þegar sótt er um störf (Bourdieu, 1986). Mikilvægt er að forðast skortskenningar (e. *deficit theories*) í tengslum við umræðu um menningu (Yosso, 2005) og leggja áherslu á að allir hafi ákveðinn menningararf í farteskinu, en leikreglur á hverjum vettvangi skera úr um hvort hann hafi skiptigildi og umbreytist í auð. Gjörðir einstaklings skipta einnig máli, og það hversu mikið hann getur og vill virkja þann auð (e. *capital activation*) sem hann hefur í farteskinu (Lareau og Horvat, 1999).

Bourdieu (1989) lagði mikla áherslu á að staðsetja einstaklinga í hinu félagslega rými. Hann gagnrýndi hefðbundna notkun á stéttarhugtakinu þar sem greining er nær eingöngu byggð á starfsheitum og námsgráðum. Bourdieu taldi þessa þætti skipta miklu máli en engu að síður væri mikilvægt að víkka út þessar skilgreiningar. Hann skilgreindi stéttarhugtakið þannig að þeir tilheyrðu sömu stétt sem hefðu ákveðna sameiginlega þætti í veruhætti sínum og hefðu reynslu af svipuðum aðstæðum á vettvangi menntunar og heimilis. Samkvæmt Bourdieu er stöðugt samspil milli vettvangs og veruháttar (Moore, 2000). Hann skoðaði stétt út frá formgerð og styrk auðmagns í formi menningar, félagstengsla, efnahags og táknrænnar stöðu (Bourdieu, 1993, bls. 31; Weininger, 2005). Í stuttu máli má segja að þeir sem teljast hafa táknrænan auð mynda elftu eða yfirstétt vettvangsins í þeim skilningi að þeir njóta nægilega mikillar virðingar innan hans til að vera færir um móta og breyta leikreglum á vettvangi.

Mikilvægur liður í gagnrýni Bourdieu var að hin huglæga stéttarstaða (e. *subjective state*) væri ekki skoðuð nægilega vel, þ.e. hvernig fólk skilgreinir stöðu sína, gildi, smekk, skuldbindingar og pólitíska og siðferðilega afstöðu (Bourdieu, 1984), og hvort og þá hvernig það greinir sig frá öðrum hópum samfélagsins. Stétt er ferli (e. *process*), ekki síður en staða (e. *position*). Bourdieu lagði áherslu á eiginlega nálgun til að fanga þessa huglægu þætti því stétt ætti sér ólíkar birtingarmyndir eftir samfélögum. Með slíkum rannsóknum væri svo hægt að þróa ítarlegri og nákvæmari mælikvarða en þá sem þróaðir voru fyrir mörgum áratugum til að greina og bera saman stéttarmynstur í alls ólíkum samfélögum. Í stað þess að álykta sem svo að stétt hafi lítil áhrif í íslensku skólasamfélagi miðað við niðurstöður fjölþjóðlegra kannana eins og PISA (OECD, 2013) má allt eins spyrja hvort tekist hafi með hefðbundnum hugtökum um stétt og hlutlægum mælikvörðum að fanga þá stéttaaðgreiningu sem er að finna hér á landi og birtingarmyndir ólíkrar stéttarstöðu í íslensku menntakerfi.

Femínískar fræðikonur hafa gagnrýnt karllægar einstaklingsáherslur stéttarannsóknna. Stéttarannsóknir beindust lengi eingöngu að stöðu föður á vinnumarkaði, en stéttarstaða móður, samsetning fjölskyldna, hjúskaparstaða, aldur og fjöldi barna skiptir allt miklu máli þegar meta á valdastöðu á skólavettvangi (Griffith og Smith, 2005). Á Íslandi hefur komið í ljós að stéttarstaða móður (samkvæmt hefðbundnum mælingum) hefur meira að segja en stéttarstaða föður til að skýra mun á námsárangri barna í samræmdum prófum 4. og 7. bekkjar (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2010). Þrátt fyrir aukin tengsl íslenskra feðra við börn sín virðast mæður enn vera í lykilhlutverki í uppeldi og skólagöngu barnsins (Ársæll Arnarsson og Hermína Gunnþórsdóttir, 2016). Eins og Reay (2005) hefur bent á eru það fyrst og fremst mæður sem vinna þá stétttengdu vinnu að tryggja börnum sínum sterka stöðu náms- og félagslega, þ.e. nýta stétttengd forréttindi stórfjölskyldunnar og koma þeim áfram til næstu kynslóðar (e. *social class reproduction*).

<sup>1</sup> Dæmi um virt erlent tímarit sem tekur eingöngu við greinum sem skrifaðar eru í þessum anda er tímaritið *Critical Studies in Education*. Þar segir m.a. í lýsingu að það birti ekki greinar sem aðgreini niðurstöður frá umræðu.

„Þá er gott að fá einhvern utanaðkomandi...sem borin er virðing fyrir“:  
Bjargráð mæðra við skólagöngu einhverfra barna sinna í ljósi stéttakenningar Bourdieu

## Gagnrýnar stéttarannsóknir á stöðu mæðra á menntavettvangi

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar út frá kenningum Bourdieu á birtingarmyndum stéttar í íslensku skólakerfi (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2005; Þórdís Þórðardóttir, 2015) og engar sem varða beint mæðrun (e. *Mothering*) í tengslum við skólagöngu. Hér er því eingöngu gefið yfirlit yfir sambærilegar erlendar rannsóknir sem flestar eru frá Bandaríkjunum og Bretlandi.

Hugtakið mæðrun er félagsleg hugsmíð sem mótast af því menningar-, fjárhagslega og pólitíska umhverfi sem mæður búa við hverju sinni. Með viðtekinni mæðrun (e. *normative mothering*) er vísað til ríkjandi orðræðu um mæðrun og þá átt við hegðun, sem búist er við af móðurinni og gefur mynd af góðri móður. Frammistaða mæðra í móðurhlutverkinu er dæmd af þeim og öðrum út frá viðtekinni mæðrun (Vincent, 2010). Viðtekin mæðrun mótast af millistéttargildum um það hvað telst vera viðeigandi hegðun og námsárangur hjá barni (Reay, 2005). Auknar kröfur skóla til foreldra ýta enn frekar undir ábyrgðarkennd móður og svo skömm hennar ef hún uppfyllir ekki væntingar kerfisins. Ljóst er að skömm og sektarkennd er meiri meðal mæðra sem eiga börn með greiningar um krefjandi hegðun (Blum, 2007). Markmiðið hér er m.a. að varpa ljósi á ólíka aðstöðu til að uppfylla þau óskráðu viðmið sem gilda um mæðrun skólabarna sem hafa þegar verið úrskurðuð með hegðunarfrávik í skólakerfinu.

Komið hefur fram í rannsóknum á bandarískum (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2014; Lareau, 2002, 2003; Weininger og Lareau, 2003) og breskum skólavettvangi (Byrne, 2006; Perrier, 2013; Reay, 1998), þar sem lengi hefur verið gert ráð fyrir miklu foreldrastarfi í skólum, að menntunarstig foreldra í efri lögum samfélagsins gefur þeim ákveðið forskot í samskiptum við skólann. Foreldrar í lægri stéttum eru líklegri til að líta á kennarana sem yfirvald og samskiptin einkennast oftar af óryggi (Lareau, 2002; Reay, 1998). Samskipti við foreldra í efri lögum voru meiri, foreldrarnir voru afslappaðri og tóku meiri þátt í foreldraviðtölum. Þar gætti meira jafnræðis og foreldrarnir spurðu og fengu gott svigrúm til að tjá sig. Hins vegar var algengara að kennarinn hefði orðið þegar hann fundaði með foreldrum í lægri stétt. Þeim leið ekki vel þegar þau mættu til viðtalsins og eins meðan á því stóð. Það birtist í því að þau horfðu mikið niður meðan á viðtalinu stóð og skiptu oft um stöðu í stólnum, sem benti til vanlíðunar eða óþæginda. Þau sýndu sjaldan frumkvæði að því að gefa upplýsingar sem vörðuðu barnið og voru að flestu leyti frekar óvirk (Weininger og Lareau, 2003). Svipað mynstur kom fram í rannsókn Reay (1998) á breskum skólavettvangi. Í rannsókn Reay var veruháttur foreldra skoðaður út frá uppeldisaðstæðum og skólagöngu. Mæður sem hafði sjálfum gengið vel í skóla sýndu meira sjálfsöryggi. Foreldrar í lægri stéttum höfðu sjaldnar jákvæða reynslu af eigin skólagöngu.

Bjargráð mæðra markast einnig af efnahags- og félagsauði þeirra. Að eignast barn felur ávallt í sér aukin fjárútlát fyrir fjölskyldu en þegar barn er skilgreint með fötlun eða röskun eru heimsóknir til sérfræðinga mun tíðari og ýmislegt sem býðst utan hins almenna kerfis krefst gjarnan aukinna fjárútláta. Félagssauður er það tengslanet sem einstaklingar hafa í kringum sig. Þá skiptir máli hve margir eru innan þess tengslanets og eins hversu sterk tengslin eru milli þeirra (Bourdieu og Wacquant, 1992). Foreldrar sem tilheyra efri lögum samfélagsins eru líklegri til að vera með sérfræðinga innan síns tengslanets (Horvat o.fl., 2003). Líkur á að hafa aðgang að sérfræðingi í hópi vana eða ættingja reyndust einnig mismunandi milli foreldrahópa í rannsókn Lareau. 70% foreldra úr efri lögum höfðu sérfræðing innan tengslanets síns á móti 14% foreldra úr neðri lögum samfélagsins. Þótt tengslin ristu oft ekki djúpt veittu þau foreldrum sem höfðu aðgang að sérfræðingum ákveðin bjargráð sem þeir gátu nýtt sér við ýmsar aðstæður í skólastarfinu (Lareau, 2002, bls. 764).

Með kröfum um aukið foreldrasamstarf vegna nemenda með sérþarfir reynir enn frekar á foreldra og fagmenn. Tomlinson (2011) fjallaði um samskipti milli fagmanna og foreldra barna með sérþarfir og komst að því að annar bragur væri á samskiptum foreldra úr hærri stéttum og fagmanna. Sá hópur myndaði meiri þrýsting á ákveðna þjónustu fyrir börnin og þátttaka þeirra var meiri í skólakerfinu. Dóra S. Bjarnason (2009, bls. 133) tekur í svipaðan streng og segir að félagshæfni, þekking, félagsleg staða og aðgangur foreldra að víðu tengslaneti hafi áhrif á það hvernig fagfólk kemur fram við þá; það hlusti frekar á þá sem eru vel settir að þessu leyti og taki meira mark á óskum þeirra og skoðunum.

## Aðferðir og söfnun gagna

Hlutverk foreldra, m.a. við umönnun, í samstarfi skóla og heimilis og hvað varðar þátttöku þeirra í námi barnsins, eru mjög kynjuð og sú vinna hvílir enn mun meira á mæðrum (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2014; Lareau, 2002; Reay, 2004a; Vincent, 2010). Kynjaslagsíðan eykst síðan þegar barn er með fötlun, röskun eða sértækar menntunarþarfir (Dudley-Marling, 2001; Landeros, 2010; Scott, 2010). Því var ákveðið í þessari rannsókn að takmarka úrtak viðmælanda við mæður. Haft var samband við Einhverfusamtökin og leitað eftir aðstoð þeirra við að komast í samband við foreldra. Viðbrögðin voru jákvæð og 18 foreldrar, 14 mæður og fjórir feður, buðu fram aðstoð sína við rannsóknarverkefnið. Til að tryggja áralanga reynslu viðmælanda af skólakerfinu var ákveðið að þrengja úrtakið niður í þátttöku foreldra tíu ára og eldri barna. Eins var leitast við að hafa breidd í bakgrunni og félagslegum aðstæðum viðmælanda. Út frá þessum viðmiðum voru sex mæður valdar til þátttöku. Eins voru tekin upplýsingaviðtöl við tvo sérfræðinga. Sérfræðingarnir voru frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og Sjónarhóli, sem er ráðgjafarmiðstöð fyrir foreldra barna með sérþarfir. Öll viðtölin voru greind með aðferðum þemagreiningar (Braun og Clarke, 2013). Viðtölin voru tekin á tímabilinu frá mars til júní 2015. Tilkynning um rannsóknina var send til Persónuverndar (nr. S7304/2015).

Viðtölin fóru ýmist fram á heimili viðmælanda eða vinnustað. Flest börnin reyndust vera skilgreind með dæmigerða einhverfu (e. *autistic disorder*). Læknisfræðilega greiningin sem slík er aukaatriði hér; hún skilyrðir einungis úrtak viðmælanda við foreldra sem eiga börn sem teljast vera með krefjandi hegðun og sértækar menntunarþarfir að mati sérfræðinga og skólafyrvalda.

Nemendur á einhverfurófi stunda flestir nám í sínum hverfisskóla, en einnig í sérdeildum eða í sérskólum. Í Reykjavík eru sérdeildir fyrir nemendur á einhverfurófi fimm talsins og eiga að þjóna börnum úr öllum hverfum borgarinnar (Reykjavíkurborg, 2015). Sérskólar eru tveir, Klettaskóli og Brúarskóli. Klettaskóli er einn af grunnskólum Reykjavíkur en þjónar einnig öllu landinu. Mæðurnar höfðu börnin í almennum grunnskóla en ein þeirra hafði fært barn sitt yfir í sérúrræði.

## Staðsetning viðmælanda í félagslegu rými

Til að skilgreina hlutlæga stéttarstöðu viðmælanda var háskólamenntun og starf sem krefst sérþekkingar notað sem grunnviðmið til að skilgreina bæði viðmælanda og maka (ef hann var til staðar) í millistétt. Það er í samræmi við þau viðmið sem lögð voru til grundvallar í þeim erlendu rannsóknum sem raktar voru hér að framman. Aðrir hlutlægir þættir sem voru til skoðunar voru starf og menntun foreldra viðmælanda og maka. Það skiptir miklu máli hvort viðmælandi er fyrsta kynslóð af millistétt innan sinnar fjölskyldu og hefur lokið háskólagráðu eða hvort forfeður og -mæður hafa verið í þeim hópi sem hlaut langskólamenntun hér á landi (Weininger, 2005). Eins var litið til starfshlutfalls, efnahags, hjúskaparstöðu og aldurs móður þegar barneignir hófust. Huglægari spurningar, sem varpa ljósi á tengsl veruháttar og menntavettvangs, snerust um grunnskólagöngu viðmælanda og hvort og þá hvernig foreldrar þeirra hefðu tengst námi þeirra, skólagöngu og samskiptum við kennara og annað fagfólk. Eins var spurt út í frítíma og tólmstundir. Huglægir þættir í mati á félags- og menningarauði voru svo greindir út frá svörum viðmælanda í viðtölunum og niðurstöður eru síðan að mestu leyti byggðar á þeim.

Þegar viðtölin lágu fyrir kom ýmislegt í ljós sem mæðurnar áttu allar sameiginlegt en einnig kom fram afgerandi munur á öðrum sviðum þannig að gróflega mátti skipta þeim í tvo hópa. Þær voru allar um og yfir fertugt þegar viðtölin fóru fram og höfðu allar nema ein átt fyrsta barn sitt um og yfir þrítugu. Þær höfðu átt farsæla grunnskólagöngu og töldu sig hafa verið meðal- eða góða námsmenn. Þær áttu það jafnframt sameiginlegt að foreldrar þeirra höfðu ekki veitt þeim sérstakan stuðning við námið á sama hátt og tíðkast í dag, né hvatt þær til áframhaldandi náms. Jafnframt kom fram að engin þeirra átti langskólagengna foreldra. Hins vegar kom fram afgerandi munur á ýmsum öðrum þáttum sem skilgreindi viðmælandur í tvo ólíka hópa.

Það vildi þannig til að þær mæður sem voru með háskólamenntun voru allar giftar og það mönnum í vel metnum störfum. María var eini viðmælandinn í 100% starfi, Kristín hafði nýverið minnkað við sig vinnu vegna of mikils álags og Gréta var í meistaranámi og ekki á vinnumarkaði. Tveir eiginmanna kvennanna voru með háskólagráðu á sviði viðskipta og raunvísinda en sá þriðji hafði einungis lokið grunnskólaprófi en unnið sig upp í tæknigeiranum. Eins og áður sagði voru hvorki

„Þá er gott að fá einhvern utanaðkomandi...sem borin er virðing fyrir“:  
Bjargráð mæðra við skólagöngu einhverfra barna sinna í ljósi stéttakenningar Bourdieu

foreldrar þeirra né eiginmanna þeirra með háskólamenntun og því eru þessar fjölskyldur, eins og svo margar aðrar á Íslandi, millistéttungar af fyrstu kynslóð. Þær sem voru í lægri stétt höfðu allar skilið við barnsfeður sína og börnin höfðu lítið af þeim að segja. Ein þeirra var í sambúð. Ólík hjúskaparstaða ýkti enn frekar mun milli hópanna varðandi efnahagsauð. Eins kom í ljós að þótt foreldrar viðmælenda væru með svipaða menntun reyndust foreldrar tveggja viðmælenda í lægri stétt hafa búið við erfiðar aðstæður, sem höfðu bitnað á viðmælendum í æsku, og höfðu áhrif á líf þeirra enn í dag því að þaðan var lítils stuðnings og umhyggju fyrir barnabörnum að vænta.

**Tafla 1. Viðmælendur og staðsetning þeirra í félagslegu rými.**

	Millistétt	Lægri stétt	Samantekt
Viðmælendur	Kristín, Gréta og María	Anna, Elva og Brynja	Sex mæður
Prófgráða	BEd-, BS- og BA-gráða	Nám á framhaldsskólastigi	Hæsta gráða: bachelor
Starf	Kennari (90%), heimavinnandi/MA-nemi, verkefnisstjóri (100%)	Heimavinnandi/í atvinnuleit, stuðningsfulltrúi (60%), heimavinnandi/öryrki	Helmingur utan vinnu-markaðar, aðeins ein móðir í 100% starfi, umönnunarbætur og örorka koma í stað atvinnutekna
Makar	Tveir með bachelor-gráðu og einn með tæknimenntun	Hafa skilið við barnsfeður, ein í sambúð	Afgerandi munur milli hópa
Efnahagsauður	Góður	Bágur	Afgerandi munur milli hópa
Félagsauður	+++	+ -	Afgerandi munur milli hópa

María, Gréta og Kristín segjast fá stuðning eiginmanna sinna við uppeldi barnanna en vegna vinnu þeirra liggja það í hlutarins eðli að þær beri meiri ábyrgð á umönnun og samskiptum við skólann. Anna og Elva búa einar með sínum börnum og sjá þær einar um nám barnanna og samskipti við skólann. Brynja býr ekki með barnsföður sínum og þótt hann búi ekki langt frá sækir hann aldrei fundi með henni eða skiptir sér af umönnun barnanna. Hún á hins vegar sambýlismann sem að hennar sögn þekkir ekki vel til einhverfu og því sjái hún um allt sem viðkemur sonum hennar. Allar mæðurnar áttu það því sameiginlegt að bera meginþungann af vinnu við uppeldi og skólagöngu barna sinna.

Anna, Elva og Brynja eru með menntun á framhaldsskólastigi. Anna er með grunnskólapróf og er um það bil að ljúka stúdentsprófi. Hún er að leita sér að vinnu en er í starfsþjálfun sem miðar að því að efla fólk og gera það tilbúið fyrir vinnuarkaðinn. Elva er með próf úr framhaldsskóla. Eftir að hún átti börnin sín þrjú hóf hún háskólanám en það reyndist henni erfitt sökum mikils álags við umönnun barnanna. Hún býr ein með börnum sínum. Sökum anna við umönnun barnanna getur hún ekki unnið fullan vinnudag. Hún segir að það hjálpi sér mikið að fá umönnunargreiðslur. Það geri henni kleift að vinna styttri vinnudag til að geta sinnt þörfum barnanna betur. Brynja er með framhaldsskólapróf og hefur einnig tekið styttri bókhaldsnámskeið. Hana langar í háskólanám en það er torvelt vegna bágs fjárhags og krefjandi umönnunar barnanna. Fjölskyldubakland Brynju er ekki sterkt og margir samverkandi þættir leiddu til þess að hún hafði ekki bolmagn til að leita sér frekari menntunar. Hún skildi við barnsföður sinn þegar yngsta barnið var tveggja ára. Hún glímdi við ýmsa erfiðleika eftir það, sem höfðu áhrif á stöðu hennar og heilsu. Hún býr við tíma-bundna örorku.

Afgerandi munur reyndist vera milli lægri og millistéttar hvað varðaði aðgengi að barnsfeðrum, fjölskyldu og vinum sem gætu tekið þátt í uppeldi og umönnun barnsins. Elva, Gréta og Brynja segjast allar vera í litlum tengslum við fjölskyldu sína og vera mikið einar. Brynja gat ekkert leitað til foreldra sinna og rifjar upp að þegar maðurinn hennar fór frá henni hafi hún fyrst áttað sig á því hversu lélegt tengslanet hennar var. Foreldrar Maríu og Kristínar hjálpa þeim með börnin og passa þau annað slag. Kristín segir einnig að hún geti ávallt leitað til foreldra sinna en þar



sem þau séu orðin gömul eigi hún erfiðara með að biðja þau um aðstoð. Þær segja að slíkur stuðningur sé ómetanlegur og gefi foreldrum tækifæri til að sinna hinum börnunum og hjónabandi sínu. Anna var sú eina úr lægri stétt sem var í slíkri stöðu. Foreldraráðgjafi á Sjónarhóli talaði um að foreldrar sem leituðu til þeirra hefðu mjög missterkt tengslanet í kringum sig og að sumir fengju takmarkaðan stuðning frá sínum nánustu. Tengslanetið getur verið það veikt, að þeir einangrist með barni sínu og hafa fáa til að leita ráða hjá.

Í bandarískum rannsóknum hefur komið fram að foreldrar barna á einhverfurófi eru undir mestu álagi þeirra foreldra sem eiga börn með sérþarfir (Boyd, 2002; Davis og Carter, 2008) og skilnaðartíðni er algengari meðal þeirra en annarra foreldra (23,5% á móti 13,8% hjá samanburðarhópnum) (Hartley o.fl., 2010). Umönnun barna með fötlun krefst oft mikilla breytinga á lífsháttum fjölskyldunnar. Mæður sem voru áður í fullu starfi á vinnumarkaðnum draga oft úr starfshlutfalli sínu til að sinna barninu eða hætta jafnvel störfum utan heimilis (Scott, 2010), en eins og áður sagði var María sú eina sem var í 100% starfi.

## Vettvangur sérfræðipjónustu – sérfræðiráðgjöf og möguleikar á formlegum stuðningi

Áður en lengra er haldið er mikilvægt að gera grein fyrir yfirvettvangi foreldra barna á einhverfurófi, þeim björgum og leikreglum sem einkenna hann. Bæði mennta – og heilbrigðiskerfið kemur við sögu hjá foreldrum sem eiga börn með röskun eða fötlun. Tryggingastofnun ríkisins (TR) skilgreinir fimm fötlunarflokka; sá alvarlegasti er nr. 1 og sá vægasti nr. 5. Flest börn sem eru eingöngu skilgreind með hegðunarraskanir (einhverfu og ADHD) falla í flokk 4 og 5, en þeir flokkar gefa engar eða litlar umönnunarbætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Til að komast í flokk 3 þurfa þau að greinast með viðbótarraskanir (Tryggingastofnun ríkisins, 2016), eða með öðrum orðum: greiningum að fjölga. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar kemur svipað fram, þ.e. að veittur sé einstaklingsstuðningur „undir handleiðslu sérfræðinga“ fyrir börn í flokki 1 og 2 en hver skóli fái fjármagn til ráðstöfunar „vegna barna með minniháttar þroskaröskun“ (Reykjavíkurborg, án ártals). Samkvæmt starfsreglum eiga skólar að skila inn heildaráætlun og er þannig reynt að búa til sveigjanlegt stuðningskerfi sem lagar sig að nemendahópnum hverju sinni.

Núna er það þannig, að foreldrar geta ekki lengur hringt í mig og spurt hvað fylgja barninu margar krónur. Ég get ekki sagt það en ég get sagt að þitt barn fellur undir þann hóp barna í skólanum sem á að fá þjónustu innan stuðningskerfis skólans (Sérfræðingur hjá Reykjavíkurborg).

Þetta kemur einnig fram í 3. gr. Reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla (nr. 584/2010).

Gríðarleg fjölgun hefur verið í greiningum víða um lönd (Tomlinson, 2012). Árið 2013 voru um 16% barna á Íslandi með formlega greiningu, sem þykir hátt á alþjóðavísu, en 1,3% nemenda í sérdeildum og sérskólum, sem þykir lágt í alþjóðlegum samanburði (Grétar L. Marínósson og Dóra S. Bjarnason, 2014). Skólaárið 2009–2010 voru 193 börn sem skilgreind voru á einhverfurófi eða um 1,3% af heildarnemendafjölda. Skólaárið 2014–2015 voru þau orðin 294. Inni í þessum tölum eru nemendur með greiningu um Asperger-heilkenni og dæmigerða og ódæmigerða einhverfu. Flestir nemendur á einhverfurófi stunda nám með jafnöldrum sínum í hverfisskóla en einnig eru starfandi fimm sérdeildir í grunnskólum Reykjavíkur. Sérskólar eru tveir, Klettaskóli og Brúarskóli. Einhverfum nemendum í sérdeildum hefur fjölgað um 35% frá 2010.<sup>2</sup> Sérfræðingur hjá Reykjavíkurborg taldi sig finna fyrir auknum þrýstingi á það frá fagaðilum í hinum ýmsu þjónustukerfum að beina nemendum inn í sérúrræðin.

Eftir að barn á einhverfurófi byrjar í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu eiga þjónustumiðstöðvar á vegum sveitarfélaga að veita foreldrum og fagmönnum þjónustu og ráðgjöf eftir greiningu hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR). Sumar mæðurnar töldu bagalegt að ekki væri hægt að leita meira til GRR:

<sup>2</sup>Skólaárið 2010–2011 voru 26 nemendur í sérdeildum fyrir einhverfa nemendur en 40 nemendur skólaárið 2015–2016 skv. gögnum frá Reykjavíkurborg. Til viðbótar er um helmingur þeirra 107 nemenda í Klettaskóla sem skilgreinast með röskun á einhverfurófi auk þroskahömlunar skólaárið 2014–2015.

„Þá er gott að fá einhvern utanaðkomandi...sem borin er virðing fyrir“:  
Bjargráð mæðra við skólagöngu einhverfra barna sinna í ljósi stéttakenningar Bourdieu

... barnið mitt er orðið of gamalt til þess að fá þjónustu GRR en þar eru þeir sérfræðingar sem maður þarfnast. Þá fær maður einhvern veginn þá tilfinningu, að það vilja allir greina börnin en enginn vill einhvern veginn vinna með þau. (Gréta)

Ráðgjafarmiðstöðin Sjónarhóll<sup>3</sup> var stofnuð til að bregðast við þessum skorti en er rekin fyrir sjálfsaflafé. Í ársskýrslum Sjónarhóls frá 2011–2013 kemur fram í yfirliti yfir skráð erindi að grunnskólamálin voru fyrirferðarmest. Skólamálin sem miðstöðin fékk til úrvinnslu mátti rekja til skorts á viðeigandi stuðningi og einnig erfiðra samskipta heimilis og skóla (Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð, 2013). Allar mæðurnar í rannsókninni höfðu á einhverjum tímamarki leitað þangað. Mæðurnar úr millistétt höfðu óskað eftir nærveru foreldraráðgjafa á fundum með skólanum og þjónustumiðstöð og hrósuðu þeim stuðningi mikið. Anna og Brynja höfðu hringt í Sjónarhól til þess að fá svör varðandi hagnýt málefni en hvorug hafði leitað til Sjónarhóls eftir stuðningi á fundum. Þær vissu ekki að þær gætu farið fram á það en hefðu gjarnan viljað nýta sér það.



**Mynd 1: Yfirvettvangur, menntavettvangur og helstu stofnanir sem tengjast rannsókninni.**

Í viðtölum við mæðurnar kom fram að öll börnin fengu sérstuðning á yngra og miðstigi grunnskóla en þær Kristín, María og Elva lýstu allar miklum áhyggjum af fyrirsjáanlegum breytingum hjá börnum sínum sem væru að flytjast á unglingsstig:

Ég fór sérstaklega í skólann til að spyrja út í þennan stuðning og fékk að vita að hann fengi ekki sérstuðning. ... ég skil ekki af hverju fylgir ekki sami stuðningur á milli skólastiga. Ekki minnkar þörfin. Ef eitthvað er, þá verða hlutirnir mun flóknari á unglingsstiginu. Fleiri kennarar, sérgreinatímar í ólíkum stofum og hann þarf að koma sér sjálfur á milli. (Kristín)

Það kom fram hjá þeim að unglingsarnir myndu fá minni stuðning og óljóst væri í hverju hann fælist. Þegar svo fer saman fjölgun greininga, sama/svipað fjármagn og áður og að fjármagnið er ekki alltaf bundið einstaklingum eins og áður upplifa foreldrar sem vanir eru einstaklingsúthlutunum að dregið hafi kerfisbundið úr stuðningi. Með öðrum orðum þurfa foreldrar að vera vel að sér í kerfinu og reglulegum breytingum á því og vera stöðugt vakandi fyrir þeim möguleikum sem bjóðast á stuðningi.

### **Þátttaka mæðra í skólastarfi – ólík valdastaða**

Allar mæðurnar voru meðvitaðar um að börnin þyrftu að sinna heimanámi og reyndu að gera sitt besta til að efla færni barnsins. Þær lögðu sig fram um að verða sér úti um kennslugögn og litu eftir heimanámi barnsins. Mæðurnar töldu sig alla jafna eiga jákvæð samskipti við skólann. Hver á sinn hátt lýstu þær samskiptum sínum við fagmenn grunnskólanna og sögðu reynslu sína vera

<sup>3</sup>Árið 2004 tók Sjónarhóll, ráðgjafarmiðstöð fyrir foreldra barna með sérþarfir, til starfa. Það voru ADHD-samtökin, Landssamtökin Proskahjálpi, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum, sem stofnuðu Sjónarhól. Það var gert til að mæta brýnni þörf fyrir ráðgjöf og stuðning við foreldra barna með sérþarfir.

nokkuð góða. Þegar farið var í eðli samskipta og hvernig mæðrunum liði í þessari samvinnu kom fram að þær upplifðu stundum að þær mættu ekki vera of aðgangsharðar í kröfum gagnvart skól-  
anum. Þetta var óháð stéttarstöðu:

Ég vil ekki vera fúla foreldrið. Hvaða rugl er það? (Hlær) Ég vil ekki vera foreldrið sem allir hugsa, ohhh kemur hún. Ótrúlegt að maður hugsar svona. Mig langar oft að segja og biðja um meira, en ég geri það ekki. (Kristín)

Svo hugsar maður, að það er alltof mikið lagt á starfsfólkið og maður vill ekki vera með of miklar kröfur. (María)

Mig langar að vita til hvers er ætlast af honum og hvernig hefur gengið. Hvað hann hefur lært. Mér finnst erfitt að spyrja út í þetta. Ég veit ekki af hverju mér finnst það svo erfitt, að spyrja starfsfólkið að svona einföldum spurningum. (Anna)

Þegar Anna var spurð hverju þetta sætti svaraði hún því til að kannski óttaðist hún gagnrýni sjálf. Hins vegar nefndu mæður í millistétt það ekki sem ástæðu heldur að of mikil ýtni gæti spillt fyrir barninu og möguleikum þeirra sjálfra til að á þær væri hlustað. Það stemmir við erlendar rann-  
sóknir um þekkingu sérfræðingastéttarinnar á kerfinu og hvers konar samskipti nýttust best til að ná sínu fram í samskiptum við aðra sérfræðinga (Lareau og Horvat, 1999). Hins vegar er ljóst af frásögn Önnu að hennar viðbrögð stafa frekar af skömm yfir því að láta hafa of mikið fyrir sér og sínum. Allar mæðurnar áttu það sammerkt að óska eftir góðri upplýsingagjöf frá skólanum og vildu halda uppi markvissum samskiptum á milli heimilis og skóla. Mæður í millistétt gerðu hins vegar meira af því að leita til kennara símléiðis, með netpósti eða á fundum eftir að skóladegi lauk. Þær áttu auðvelt með að tjá sig um skólastefnuna og þekktu vel samninga, lög og reglugerðir sem vörðuðu réttindi barna þeirra til náms. Sjálfsöryggið markaðist af menningar- og félagsauði þeirra (Reay, 1998, bls. 105; Weinger og Lareau, 2003).

Þær sem bjuggu við bágan fjárhag og veikt stuðningsnet áttu erfiðara með að takast á við gagn-  
rýni af skólans hálfu og mótbyr í kerfinu og reyndu að finna leiðir til að komast hjá slíku. Í töflu 2 er borin saman ólík tilfinningaleg afstaða mæðra gagnvart því að takast á við mótbyr og fylgja eftir sjónarmiðum sínum:

**Tafla 2: Sjálfsöryggi og baráttuprek.**

Millistétt	Lægri stétt
Ég heyri það stundum frá öðrum foreldrum, að þeir kunni ekki við að kvarta eða láta vita af óánægju sinni. Maður má ekki vera meðvirkur. Að flylja vandamálið gagnast engum. Ég er dugleg að láta vita ef það er eitthvað sem ég er ósátt við en það hafa ekki allir foreldrar það í sér. Foreldrar eru mjög mismunandi settir hvað varðar framkomu og óskir varðandi börnin sín. Mér finnst réttast að koma hreint fram og ég vil að skólinn komi þannig fram við okkur líka. (Gréta)	Ég vil ekki vera leiðinlega manneskjan sem er að rífast. Ég vil geta talað um þetta. Ég er ekki manneskjan sem fer upp á háa C. Ég er bara þessi manneskja sem er með ákveðið front og sýni ekki óánægju. Ég er að reyna að halda haus á þessum fundum en þegar maður mætir á þessa fundi þá er eins og maður sé smá brotin. Þú ert að ganga þarna inn af því að það er eitthvað að barninu þínu. Til að feika það, til að meika það, þá fer ég í einhvern varnarleik og reyni bara að vera eðlileg til þess að komast í gegnum fundinn. (Brynja)

Mæðurnar nefndu flestar að fundir með sérfræðingum og kennurum gætu verið erfiðir og upplifðu sumar þá tilfinningu að vera einar á báti gegn öllum fagmönnum. Allar mæðurnar voru sáttar við fjölda foreldra- og teymisfunda sem voru haldnir í skólanum. Þær sögðu að haldnir væru fundir vegna barna þeirra á 6–8 vikna fresti, með kennurum, þroskaþjálfum og sérkennurum skólans. Einnig voru haldnir stærri teymisfundir um sum börnin með starfsmönnum frá þjónustumiðstöðvum, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, heilsugæslu, frístundatilboðum og skammtímavistun. Mæðurnar upplifðu samstarfið við skólann jákvætt en upplifun þeirra af þessum fundum var þó misjöfn.

**Tafla 3: Undirskipun eða jafningjatengsl – ólík upplifun af fundum.**

Millistétt	Lægri stétt
Ég upplifi mig alls ekki svona eina á móti fagmönnum. Ekki heldur í almenna skólanum. Maður þurfti kannski að skýra mál sitt aðeins betur en það var alltaf hlustað á mann. ... En það er gott að finna að maður sé virtur sem samstarfsfélagi. (Gréta)	Ég kem með hugmyndir og starfsmennirnir taka mjög vel í þær en framkvæma þær ekki. Og þá er komið inn á að það sé ekki mikill peningur í sérkennslunni. Þá fallast manni hendur. En á svona fundum upplifi ég mig ekki sem jafningja. Ég upplifi alveg að þeir eru sérfræðingarnir og ég er bara foreldrið. (Brynja)

Gréta segist ávallt finna fyrir góðu jafnræði á fundum þar sem hún geti sagt sína skoðun og að hún upplifi að á hana sé hlustað og tekið mark á sjónarmiðum hennar, ólíkt Brynju.

Mæður í lægri stétt voru hógværi í væntingum sínum til skólans, en það kann að stafa af óöruggi þeirra í samskiptum við sérfræðinga og kennara, sem birtist m.a. í því að þær vissu ekki alltaf hvað þær gætu farið fram á fyrir barn sitt og voru ekki jafn tunguliprar í máli sérfræðinga og stofnana (Bourdieu, 1993). Foreldrar í lægri stéttum eru jafnframt líklegri til að líta á kennara og sérfræðinga sem yfirvald (Lareau, 2002; Reay, 1998).

## Bjargráð sem felast í félagsauði

Eins og áður hefur komið fram skilgreinir Bourdieu félagsauð sem samsafn bjargráða (e. *resources*) sem myndast með nánnum tengslum eða kunningsskap við ólíka einstaklinga og hópa (Bourdieu og Wacquant, 1992, bls. 119). Mæðurnar sögðu frá fólki í tengslaneti sínu sem gat veitt aðgang að faglegum upplýsingum sem nýttust í samskiptum við þjónustukerfið og skólana eða gaf ákveðið forskot sem gagnaðist móður og barni. Eins er það félagsauður að eiga stórfjölskyldu og aðstandendur sem gefa barninu tíma og sinnu og efla þannig sjálfsöryggi og tilfinningaprek móður, eins og lýst var í fyrsta greiningarkafli. Mikilvægt er að skilja hvað felst í félagsauði foreldra, en hann gefur betri mynd af aðgangi þeirra að formlegum og óformlegum stuðningi.

Tengslanet mæðranna í millistétt er fjölbreytt og nær víða í samfélaginu. Gréta hefur leitað til atferlisráðgjafa vegna hegðunar dóttur sinnar og sótt fjölda námskeiða. Hún segir að það hafi hjálpað henni og dóttur hennar mikið að hún þekkti starfsmann þjónustumiðstöðvarinnar í hverfinu þeirra. Þegar enginn trúði því að dóttir hennar sýndi verulega erfiða hegðun var það þessi starfsmaður sem fór að gefa barninu sérstakar gætur og greindi ofbeldishegðun hennar í skólanum. Þá fyrst fór eitthvað að gerast og þau fengu stuðning í skóla og heima fyrir. Gréta hefur einnig leitað til þjónustumiðstöðvar hverfisins eftir stuðningi þegar hún fer á teymisfundi. María lýsir samskiptum sínum við ólíka fagmenn sem hún hefur verið í samskiptum við og fengið með sér á teymisfundi í skólanum meðal annars svo:

Ég hef fengið X með mér tvisvar sinnum á teymisfundi og er það á svona mómentum sem ég er eiginlega alveg brotin og búin á því. Hann er auðvitað sérfræðingur og á hann er hlustað. ... En þá er gott að höggva á þennan hnút með því að fá einhvern utanaðkomandi og líka sem borin er virðing fyrir. X er reynslumikill og hefur ákveðið vald og því fylgir að menn hlusta á hann. (María)

María leitaði einnig til sálfræðings skólans þegar þau þurftu á honum að halda. Hún hefur sótt öll námskeið hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og lesið ógrynni bóka um einhverfu. Kristín og eiginmaður hennar leitast við að vera í góðum tengslum við starfsmenn skólans og taka markvissan þátt í skólastarfi barnanna. Þau hafa verið bekkjarfulltrúar og verið í stjórn foreldrafélags skólans. Gréta og María sögðu að þær vildu endilega hafa eiginmenn sína með á fundum. Að hafa þá með veitti þeim mikinn stuðning og jafnframt fannst þeim nærvera þeirra breyta viðmóti kennara og annarra fagmanna.

Hann kemur bara á þessa fundi þegar eitthvað bjátar á. Þá er mjög mikilvægt að hann komi með. En oftast er ég ein. Þegar hann kemur; hann er viðskiptafræðingur, hann er mjög svona staðreyndamiðaður og það eru engar tilfinningar. Það er gott að hafa hann

með en hann getur virkað eilítið aggressífur og kemur með aðra nálgun. En mér finnst það gott að fá nýjar hliðar, og eins þegar ég er komin í hnút með einhverjar tilfinningar og þori ekki að segja eitthvað, þá segir hann það bara og allir bara „já auðvitað“. (María)

María nær þarna að nýta táknrænan auð hegemonískrar karlmennsku (Connell, 1995). Eiginmaður hennar er í viðskiptum og yfirleitt ekki sýnilegur en þegar hann lætur sjá sig fær hann meiri hljómgrunn hjá fagmönnum, að hennar mati, og jafnframt finnst henni framkoma þeirra breytast þegar hann er viðstaddur. Hann segi hlutina hreint út, á hann sé hlustað og hlutirnir leysist oft fyrr en ella. Þeir þættir í veruhætti sem skipta mestu varðandi það að öðlast vægi og hljómgrunn í stofnunum samfélagsins markast af karlmenskugildum milli- eða efristéttar (Bourdieu, 2001).

Þótt Elva teljist, út frá hefðbundnum mælikvörðum, tilheyra lægri stétt má segja að félagsauður hennar hafi umbreytt stöðu hennar á skóla- og sérfræðivettvangi. Elva ákvað að breyta valda-stöðu sinni með því að hefja störf í skóla barna sinna.

Áður en ég hóf störf og þegar ég mætti ein á teymisfundi án frænku minnar, þá fannst mér mun erfiðara að sitja þarna ein með alla hina. Það voru kannski fjórir til fimm fagmenn og það gat verið erfitt. Þá leið manni eins og ég væri eitt lið og þeir eitt lið. Ekki það að við vorum öll að vinna að sama markmiði og það var alltaf tekið vel í allar hugmyndir. Núna er þetta meira einhvern veginn hópur og af því að ég er hluti af starfsmannaliðinu líka. (Elva)

Elva vinnur sem stuðningsfulltrúi og getur vegna vinnu sinnar verið í daglegum samskiptum við kennara og aðra fagmenn sem sinna börnum hennar. Hún hefur því greiðan aðgang að upplýsingum og getur komið með ábendingar og rætt hluti þegar henni hentar. Elva býr einnig að því að eiga frænku sem er þroskaþjálfari og hefur reynslu af skólamállum. Þessi frænka hennar situr nánast alla fundi með henni og hefur gert það frá því að greiningar lágu fyrir hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Hún mætti með Elvu á fundi þegar börnin voru að fara úr leikskóla yfir í grunnskóla, og síðan situr hún flesta teymisfundi með henni í grunnskólanum. Heima hefur hún fengið aðstoð við að skipuleggja umbunarkerfi fyrir börnin til að mæta erfiðri hegðun, setja upp dagskipulag og skipuleggja stundirnar betur, svo sem í sambandi við heimanámið. Svo margþættur félagsauður vegur upp á móti öðrum þáttum sem hafa skipað Elvu í lægri stéttarstöðu.

Tafla 4 sýnir stöðu tveggja mæðra sem hafa ekki sama aðgang að fjölbreyttu tengslaneti sem nýtist þeim í þekkingaröflun og umræðum um möguleika barnsins. Að ala upp barn á einhverfurófi getur valdið því að fjölskyldulíf verði þyngra og flóknara í vöfum, en öflugt stuðningskerfi og tengslanet getur dregið úr þessari streitu (Boyd, 2002).

**Tafla 4: Dæmi um ólíkan félagsauð.**

Millistétt	Lægri stétt
Ég hef verið að hitta sálfræðing sem þekkir vel til og það hefur verið gott að bera ýmislegt undir hann. Ég á vinkonur sem eru þroskaþjálfar og þær hjálpa mér mikið. Síðan er ég í góðu sambandi við mæður fatlaðra ungmenna. Við hittumst reglulega og það hefur eiginlega verið minn gagnlegasti hópur. (Gréta)	Ég er ekki með í mínu tengslaneti einhvern fagmann sem ég get leitað til. En ég get hugsanlega leitað til tveggja kennara sem ég þekkti í æsku. En ég hef ekki gert það. Svo vantar mig alveg að vera í sambandi við aðra foreldra barna með sérþarfir í skólanum. Þannig að mér finnst ég oft vera voðalega ein, sko. (Anna)

Af þessu má sjá, að mæðurnar eru með mjög missterkt formlegt og óformlegt stuðningsnet. Góð tengsl við aðra foreldra barna á einhverfurófi geta umbreytt í félagsauð. Innan slíks hóps fer oft fram góð umræða þar sem kemur fram ný vitneskja eða upplýsingar um réttarstöðu barnsins og fjölskyldunnar í samskiptum við skólann og aðrar stofnanir. Kristín, María og Gréta segja allar frá virkum samskiptum við aðra foreldra í sambærilegri stöðu. Kristín segir að þau hjónin reyni að taka sem mestan þátt í foreldrastarfi í bekk sonarins, sem er með einhverfu, bara til þess að kynnast foreldrum hinna barnanna betur. Auðveldara sé að útskýra hegðun hans og framkomu ef þau eru málkunnug hinum foreldrunum; „Þegar hann á afmæli, þá bjóðum við öllum krökkunum í bekknum. Þannig þekkjum við alla krakkana og kynnumst foreldrum þeirra líka mjög vel,“ segir Kristín.

„Þá er gott að fá einhvern utanaðkomandi...sem borin er virðing fyrir“:  
Bjargráð mæðra við skólagöngu einhverfra barna sinna í ljósi stéttakenningar Bourdieu

Gréta og María segja að þessi tengsl veiti þeim án efa ákveðið forskot í samskiptum við skólann. Slíkt samskipti hjálpi mikið og þannig geti þær einnig haldið skólanum á tánum. Ávinning af slíkum tengslum við aðra foreldra hafa þær Brynja og Anna ekki. Anna segir tengsl sín við aðra foreldra vera lítil en vildi gjarnan vera í meiri tengslum við foreldra annarra einhverfra barna. Hún segist vita af foreldrum í skólanum sem eiga einhverf börn en veit ekki hver þau eru eða hvernig hún eigi að nálgast þau. Vitneskja sem hægt væri að fá í slíkum samskiptum gæti verið henni mjög dýrmæt og myndi án efa efla hana enn frekar í umönnun sonar síns og í samskiptum við skólann og aðrar þjónustustofnanir.

## Samantekt og lokaorð

Titill greinarinnar, „Þá er gott að fá einhvern utanaðkomandi ... sem borin er virðing fyrir“, er tilvitnun sem varpar skýru ljósi á meginniðurstöðu rannsóknarinnar, þ.e. að félagsauður skipti sköpum fyrir mæðurnar og stöðu þeirra á íslenskum menntavettvangi. Það skipti sköpum að hafa einstaklinga í tengslaneti sínu sem bjuggu yfir táknrænum auði, þ.e. nutu virðingar sérfræðinga og skólafólks og voru tilbúnir að leggja mæðrunum lið. Leið einnar móður í lægri stétt til valdeflingar var að fá sér hlutavinnu í skóla barnanna sinna sem hafði jákvæð áhrif á sjálfstraust hennar gagnvart kennurum og sérfræðingum og veitti henni aukinn félagsauð og dýrmæt bjargráð til að takast á við skólagöngu barna sinna. Eins hafði hún í ættarneti sínu sérfræðinga sem nýttust henni vel. Þetta er einnig dæmi um það hvernig félagsauður getur umbreytt í menningarauð, þ.e. hvernig þessi tengsl sköpuðu henni aukna þekkingu á málefnum og tungumáli sérfræðinga og skólafólks (Bourdieu, 1993).

Verðmætt tengslanet mæðranna mátti ýmist rekja til samstarfsfélaga, ættmenna, tengsla við aðra foreldra með börn á einhverfurófi og svo til stéttarstöðu þeirra sem gat falið í sér kunningskap við aðra sérfræðinga. Tvær mæðranna höfðu lítil sem engin slík tengsl. Sumar mæðurnar höfðu innan fjölskyldu sinnar hóp af einstaklingum sem gátu frætt þær og undirbúið, t.d. fyrir foreldraviðtöl. Þær gátu leitað ráða varðandi kennslu barnanna og fengið stuðning við að biðja um ákveðna hluti. Félagsauður tengist einnig óhjákvæmilega efnahagsauði. Mæður í millistétt höfðu meiri möguleika á að kaupa sér sérfræðiþjónustu til að efla samstarf og bæta þekkingu sína. Engu að síður var endurgjaldslaus aðstoð frá grasrótarsamtökum eins og Sjónarhóli mikið nýtt og skipti allar mæðurnar gríðarlegu máli, en tvær mæður úr lægri stétt vissu ekki af þeim möguleika að hafa ráðgjafa þaðan með sér á fundi með sérfræðingum og kennurum. Það er dæmi um hvernig yfirsýn yfir leikreglur vettvangsins eykst gjarnan með hærri stéttarstöðu (Bourdieu og Wacquant, 1992).

Ólíkur menningarauður mæðranna birtist í mismiklu sjálfsöruggi í samskiptum, þekkingu á leikreglum menntavettvangsins og virkni í samskiptum við kennara og sérfræðinga. Mæður í millistétt höfðu mun fleiri bjargráð úr ýmsum áttum til að efla sjálfar sig sem umönnunaraðila og til að búa sig undir samstarf við ýmsa fagmenn grunnskólanna. Þær bjuggu yfir þekkingu sem þær fengu frá tengslaneti sínu og gagnaðist þeim í samskiptum við fagmenn skólanna og eins til að leggja mat á kennslufyrirkomulag og viðra skoðun sína á því. Þær voru því sjálfsöruggari í samskiptum við skólafólk og sérfræðinga. Þetta er í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna (Reay, 1998, 2005; Lareau, 2003; Weininger & Lareau, 2003).

Hjá öllum mæðrunum kom fram ákveðinn ótti við að vera of kröfuharðar gagnvart skólanum því of mikil kröfuharka gæti haft neikvæðar afleiðingar fyrir barnið. Þess vegna reyndu þær eftir fremsta megni að rata einhvers konar meðalveg milli þess að tryggja velferð og menntun barnsins og taka tillit til fjárhagslegra og faglegra raka um erfiðleika skólans við að ná tilætluðum markmiðum. Þó mátti greina mun á því hversu „tillitssamar“ þær voru eftir auðmagni þeirra og aðstæðum. Baráttuþrekið markaðist af aðstæðum þeirra. Mæðurnar í lægri stétt bjuggu við veikara bakland fjölskyldu og sinnuleysi barnsfeðra, en þær höfðu allar skilið við barnsfeður sína. Mæðurnar í millistétt nýttu sér auðmagn eiginmanna sinna og var tekið dæmi um hvernig virkni feðra gat skipt sköpum, sérstaklega þegar hvessti í samskiptum móður við sérfræðinga og skólafólk, en það virtist einnig vera tengt stéttarstöðu föður og táknrænu auðmagni tengdu starfi og samfélagsstöðu (Bourdieu, 2001). Hins vegar hvíldi vinna við menntun og uppeldi barnanna mun meira á mæðrunum og það birtist m.a. í því að aðeins ein móðir sinnti fullu starfi og tvær höfðu misst heilsuna og bjuggu við örorku að hluta. Það er í takt við niðurstöður erlendra rannsókna sem sýna að foreldrar sem eiga börn með fötlun, röskun eða sértækar menntunarpáfir búa við hærri skilnaðartíðni og kynjun foreldraábyrgðar magnast (Dudley-Marling, 2001; Landeros, 2010; Scott, 2010).

Leikreglur á menntavettvangi varðandi nemendur með sértækar menntunarpáttir hafa breyst, en eins og áður sagði er hann undirskipaður stjórnmála- og viðskiptavettvangi (Bourdieu, 1989). Á meðan greiningum á krefjandi hegðun hefur fjölgað ár frá ári, bæði hérlendis og erlendis (Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2014), hefur fjármagn til málaflokksins ekki vaxið í sama hlutfalli. Væntingar foreldra eru engu að síður þær að greining skili barninu auknum einstaklingsstuðningi (Tomlinson, 2012). Eins kom fram að formlegur stuðningur við barnið minnkaði eftir því sem þau yrðu eldri, sérstaklega þegar komið er upp á unglingsstigi. Þegar úrræðum á vettvangi fækkar eða þau verða óljósari fer stéttarstaða að skipta meira máli því henni fylgir gjarnan meiri yfirsýn yfir þá möguleika sem í boði eru, sem og menningarauður sem nýtist í samskiptum og framgangi mála, sér og sínum til handa (Lareau, 2003; Perrier, 2013; Reay, 2005; 2013; Horvat, Weininger og Lareau, 2003).

Eins og áður sagði er rannsóknin fyrsta skref í stóru rannsóknarverkefni um foreldra á menntavettvangi þar sem skoðað verður hvernig stétt foreldra í samspili við aðra þætti og meint skólahæfni barnsins varðandi nám og hegðun markar virkni, val og skyldur foreldra á menntavettvangi. Í ljósi þess hversu mikið er til af erlendum rannsóknum á áhrifum stéttarstöðu á menntavettvangi er löngu tímabært að rannsaka nánar áhrif hennar í íslensku skólakerfi. Gildir það ekki síst þar sem í menntastefnu síðustu ára hefur verið lögð mikil áhersla á virkni, val og skyldur foreldra í íslensku grunnskólakerfi (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013; Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014). Mikilvægt er að átta sig á ólíkri stöðu foreldra og bjargráðum þegar farið er út í stefnubreytingar sem krefjast aukins framlags af hálfu þeirra. Höfundar telja nauðsynlegt að tryggja að þar sé þekking á stéttamun og tekið tillit til hans. Þróa þarf stéttarhugtakið og aðferðir til að fanga ólíkar og breytilegar birtingarmyndir stéttar í íslensku menntakerfi.

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti /2011.

Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2010). Tengsl námsárangurs við viðhorf nemenda og foreldra til skólagöngu og við félagslegan bakgrunn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 3, 42–59.

Avramidis, E. og Norwich, B. (2002). Teachers' attitudes towards integration / inclusion: A review of the literature. *European Journal of Special Needs Education*, 17(2), 129–147. doi: 10.1080/08856250210129056

Ársæll Arnarsson og Hermína Gunnþórsdóttir. (2016). Íslenskir feður – bestir í heimi? Í Helga Ólafsdóttir og T. M. Hejstra (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XVII*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Ball, S. J. (2006). *Education policy and social class*. London: Routledge.

Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). Að tryggja framboð og fjölbreytileika. *Uppeldi og menntun*, 22(2), 55–76.

Berglind Rós Magnúsdóttir. (2014). *The cultural politics of middle-classes and schooling: parental choices and practices to secure school (e)quality in advanced neoliberal times* (óutgefin PhD-ritgerð). University of Cambridge, Bretland.

Berglind Rós Magnúsdóttir. (2015). Analysing educational choices by class-diversifying, feminising and moralising Bourdieu's theoretical framework. Í P. Burnard, Y. Hofvander Trulsson og J. Soderman (ritstjórar), *Bourdieu and the Sociology of Music Education* (bls. 159–174). Burlington: Ashgate.

Blum, L. M. (2007). Mother-Blame in the Prozac Nation: Raising Kids with Invisible Disabilities. *Gender & Society*, 21(2), 202–226. doi: 10.1177/0891243206298178

Bourdieu, P. (1984). *Distinction: A social critique of the judgement of taste*. Cambridge: Harvard University Press.

„Þá er gott að fá einhvern utanaðkomandi...sem borin er virðing fyrir“:  
Bjargráð mæðra við skólagöngu einhverfra barna sinna í ljósi stéttakenningar Bourdieu

- Bourdieu, P. (1986). The forms of capital. Í J. E. Richardson (ritstjóri), *Handbook of theory of research for the sociology of education* (bls. 241–258). Greenwood: Greenwood Press.
- Bourdieu, P. (1989). Social Space and Symbolic Power. *Sociological Theory*, 7(1), 14–25.
- Bourdieu, P. (1993). *Sociology in question* (R. Nice þýddi). London: Sage.
- Bourdieu, P. (2001). *Masculine domination* (R. Nice þýddi). Cambridge: Polity Press.
- Bourdieu, P. (2002). Habitus. Í J. Hillier og E. Rooksby (ritstjórar), *Habitus: A sense of place* (bls. 26–34). Sydney: Ashgate.
- Bourdieu, P. og Wacquant, L. (1992). *An invitation to Reflexive Sociology*. Chicago: University of Chicago Press.
- Boyd, B. A. (2002). Examining the relationship between stress and lack of social support in mothers of children with autism. *Focus on Autism and Other Developmental Disabilities*, 17(4), 208–215.
- Brantlinger, E. (2008). Playing to middle-class self-interest in pursuit of school equity. Í L. Weis (ritstjóri), *The way class works: Readings on school, family, and the economy* (bls. 243–259). New York: Routledge.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A Practical guide for beginners*. London: SAGE.
- Brooker, L. (2002). *Starting school: Young children learning cultures*. Maidenhead: Open University Press.
- Byrne, B. (2006). In Search of a 'Good Mix': 'Race', Class, Gender and Practices of Mothering. *Sociology*, 40(6), 1001–1017.
- Connell, R. W. (1995). *Masculinities*. Cambridge: Polity Press.
- Creswell, J. W. (2003). *Research Design: Qualitative, Quantitative, and Mixed Methods Approaches*. London: Sage.
- Davis, N. D. og Carter, A. S. (2008). Parenting stress in mothers and fathers of toddlers with autism spectrum disorders: Associations with child characteristics. *Journal of Autism and Developmental Disorder*, 38(7), 1278–1291.
- de Boer, A., Pijl, S. J. og Minnaert, A. (2011). Regular primary schoolteachers' attitudes towards inclusive education: a review of the literature. *International Journal of Inclusive Education*, 15(3), 331–353.
- Dóra S. Bjarnason. (2009). Parents and professionals: An uneasy partnership? Í J. Allan, J. Ozga og G. Smyth (ritstjórar), *Social capital, professionalism and diversity* (bls. 123–137). Rotterdam, Hollandi: Sense Publishers.
- Dóra S. Bjarnason. (2011). *Reynsla foreldra af því að eiga fatlað barn á Íslandi 1974–2007*. Í Hrefna Friðriksdóttir, Valborg Snævarr og Þórhildur Líndal (ritstjórar), Heiðursrit Ármanns Snævarar. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.
- Dudley-Marling, C. (2001). School Trouble: a mother's burden. *Gender & Education*, 13(2), 183–197.
- Gestur Guðmundsson. (2012). *Félagsfræði menntunar*. Reykjavík: Skrudda.
- Gewirtz, S., Ball, S. J. og Bowe, R. (1995). *Markets, Choice and Equity in Education*. Buckingham: Open University Press.
- Gretar L. Marinósson. (2003). Hvernig bregst skólinn við erfiðri hegðun nemenda? *Netla – Vef-tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 20. ágúst 2014 af <http://netla.hi.is/greinar/2003/008/index.htm>



- Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason. (2014). Special education today in Iceland. Í A. F. Rotatory, J. P. Bakken, F. E. Obiakor og S. Burkhardt (ritstjórar), *Special Education International Perspective: Practices Across the Globe Advances* (bls. 271–309). New York: Emerald Group Publishing.
- Griffith, A. I. og Smith, D. E. (2005). *Mothering for Schooling*. New York: Routledge Falmer.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir. (2005). Habitus íslenskra unglunga Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VI* (bls. 77-86). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands – Háskólaútgáfan.
- Hartley, S. L., Barker, E. T., Seltzer, M. M., Floyd, F., Greenberg, J., Osmond, G., Bolt, D (2010). The relative risk and timing of divorce in families of children with an autism spectrum disorder. *Journal of Family Psychology*, 24(4), 449–457.
- Helga Hafdís Gísladóttir. (2015). *Foreldrarnir eru vopn og skjöldur barnsins gagnvart skólanum* (óútfegin MA-ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Holloway, S. L. og Pimlott-Wilson, H. (2013). Parental involvement in children's learning: Mothers' fourth shift, social class, and the growth of state intervention in family life. *Canadian Geographer*, 57(3), 327–336.
- Horvat, E. M., Weininger, E. B. og Lareau, A. (2003). From Social Ties to Social Capital: Class Differences in the Relations Between Schools and Parent Networks. *American Educational Research Journal*, 40(2), 319–351.
- Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns. (2006). *Gullkista við enda regnbogans: Rannsókn á hegðunarvanda í grunnskólum Reykjavíkur*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2014). Foreldrasamstarf. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (bls. 197–216). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Landeros, M. (2010). Defining the 'good mother' and the 'professional teacher': parent-teacher relationships in an affluent school district. *Gender and Education*, 23(3), 247–262.
- Lareau, A. (2002). Invisible Inequality: Social Class and Childrearing in Black and White Families. *American Sociological Review*, 67, 747–776.
- Lareau, A. (2003). *Unequal childhood: Class, race and family life*. Berkeley: University of California Press.
- Lareau, A. og Horvat, E. M. (1999). Moments of social inclusion and exclusion race, class, and cultural capital in family-school relationships. *Sociology of Education*, 72(Janúar), 37–53.
- Lög um grunnskóla nr.91/2008*. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/146b/2008091.html>
- Moore, A. (2000). *Teaching and learning pedagogy, curriculum and culture*. London: Routledge Falmer.
- OECD. (2013). *PISA 2012 Results: Excellence through Equity: Giving every student the chance to succeed*. Sótt 31. janúar af <http://dx.doi.org/10.1787/9789264201132-en>.
- Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Lýðræði, réttlæti og menntun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Perrier, M. (2013). Middle-class mothers' moralities and 'concerted cultivation': Class others, ambivalence and excess. *Sociology*, 47(4), 655–670.
- Reay, D. (1998). *Class work: Mothers' involvement in their children's primary schooling*. London: UCL Press.
- Reay, D. (2004a). Education and cultural capital: The implications of changing trends in education policies. *Cultural Trends*, 13(2), 73–86.

„Þá er gott að fá einhvern utanaðkomandi...sem borin er virðing fyrir“:  
Bjargráð mæðra við skólagöngu einhverfra barna sinna í ljósi stéttakenningar Bourdieu

Reay, D. (2004b). 'It's All Becoming a Habitus': Beyond the Habitual Use of Habitus in Educational Research. *British Journal of Sociology of Education*, 25(4), 431–444.

Reay, D. (2005). Doing the dirty work of social class? Mothers' work in support of their children's schooling. *The Sociological Review*, 53, 104–116.

Reay, D. (2013). Social mobility, a panacea for austere times: tales of emperors, frogs, and tadpoles. *British Journal of Sociology of Education*, 34(5-06), 660-677.

*Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla* (nr. 584/2010)

Reykjavíkurborg. (2015). *Upplýsingar um þjónustumiðstöðvar*. Sótt 9. júlí af <http://reykjavik.is/thjonustumidstodvar>

Reykjavíkurborg. (e.d.). *Sérkennsla í leikskólum*. Sótt 6. maí af <http://reykjavik.is/thjonusta/serkennsla-i-leikskolum>

Riddell, S., Brown, S. og Duffield, J. (1994). Parental Power and Special Educational Needs: the case of specific learning difficulties. *British Educational Research Journal*, 20(3), 327–344.

Scott, E. K. (2010). I feel as if I am the one who is disabled: The emotional impact of changed employment trajectories of mothers caring for children with disabilities. *Gender & Society*, 24(5), 672–696.

Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð fyrir foreldra barna með sérþarfir. (2013). Ársskýrsla. Sótt af [http://www.serstokborn.is/Files/Skra\\_0071036.pdf](http://www.serstokborn.is/Files/Skra_0071036.pdf).

Tomlinson, S. (2011). *A sociology of special education*. London: Routledge.

Tomlinson, S. (2012). The irresistible rise of the SEN industry. *Oxford Review of Education*, 38(3), 267–286.

Tryggingastofnun ríkisins. (2016). *Barnafjölskyldur – Hverjir fá aðstoð?* Sótt af <http://www.tr.is/barnafjolskyldur/umonnunargreidslur/hverjir-fa-adstod/>

Vincent, C. (2010). The sociology of mothering. Í M. W. Apple, S. Ball og L. Gandin (ritstjórar), *The Routledge International Handbook of the Sociology of Education* (bls. 109–120). London: Routledge.

Weininger, E. B. (2005). Foundations of Pierre Bourdieu's class analysis. Í E. O. Wright (ritstjóri.), *Approaches to class analysis* (bls. 82–118). Cambridge: Cambridge University Press.

Weininger, E. B. og Lareau, A. (2003). *Translating Bourdieu into the American context: the question of social class and family-school relations*. *Poetics*, 31(5), 375–402.

Yosso, T. J. (2005). Whose culture has capital? A critical race theory discussion of community cultural wealth. *Race, Ethnicity and Education*, 8(1), 69–91.

Þórdís Þórðardóttir. (2015). Virðingarsess leikskólabarna: Þekking á barnaefni, kynjun og lagskipting í tveimur leikskólum. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/001.pdf>.

Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir. (2016). Að kenna einhverfum börnum í almennum grunnskólum: „það þarf eitthvað verulega að breytast til þess að hugmyndafræðin gangi upp“ (óútféfin M.Ed-ritgerð). Háskólinn á Akureyri, Akureyri.

### Um höfunda

Berglind Rós Magnúsdóttir (brm@hi.is) er dósent í menntunarfræðum og formaður námsbrautarinnar Menntunarfræði og margbreytileiki á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi 2014 frá Cambridge-háskóla í Bretlandi, MA-prófi í uppeldis- og menntunarfræðum frá HÍ árið 2003 og kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands 1998. Í doktorsritgerð sinni skoðaði hún virkni, val og skyldur foreldra í bandarísku skólaumhverfi. Hún hefur m.a. starfað sem grunnskólakennari, jafnréttisfulltrúi HÍ og ráðgjafi ráðherra í menntamálum. Rannsóknir hennar hafa að undanfögnu snúið að áhrifum einstaklings- og markaðsvæðingar á félagslegt réttlæti í skólasterfi, ekki síst gagnvart foreldrum og nemendum sem skilgreinast á jaðrinum.

Helga Hafdís Gísladóttir (HelgaHafdisGisladottir@rvkskolar.is) er þroskaþjálfari og sérkennari að mennt og starfar nú sem deildarstjóri í sérdeild í Vogaskóla fyrir nemendur með röskun á einhverfurófi. Hún lauk prófi í þroskaþjálfarafræðum árið 2000, diplómu í sérkennslufræðum árið 2006 og MA-gráðu í sömu fræðum árið 2015. Helga byrjaði starfsferil sinn hjá Svæðisskrifstofu Reykjaness í dagsþjónustutilboði fyrir einstaklinga með fjölbreyttar fatlanir, 16 ára og eldri. Þá færði hún sig yfir í skólakerfið og vann með nemendum með einhverfurófsröskun í almennum bekkjum. Í fimm ár bjó Helga í Danmörku þar sem hún starfaði í leikskóla og fylgdi m.a. börnum með einhverfu eftir í skólasterfi.

### Efnisorð

Mæðrun – Foreldrasamstarf – Sérþarfir – Stétt – Grunnskóli

### About the authors

Berglind Rós Magnúsdóttir (brm@hi.is) is Associate Professor at the University of Iceland, School of Education. She received her doctorate from the University of Cambridge, UK, in 2014, focusing on American education policy and parental choices and practices in neoliberal times. Her earlier degrees are in teacher education (B.Ed) and gender and education (MA). Her research interests are in comparative education policy studies and in the sociology of education with emphasis on social class, gender, race and learning disability as a matter of social justice in education.

She is currently a department chair of the graduate programme Education and Diversity at the School of Education, University of Iceland. She has worked as a teacher in compulsory schools for five years, as an equal opportunities officer at the University of Iceland and as a special adviser to the Minister of Education.

Helga Hafdís Gísladóttir (HelgaHafdisGisladottir@rvkskolar.is) is a developmental therapist and Special Education teacher practicing as head of department for children with autism in one of the compulsory schools in Iceland. She completed her degree in developmental therapy in 2000 and an MA-degree in Special Education in 2015. Helga started her career as a developmental therapist at Reykjanes Municipality working at a Vocational Rehabilitation Center for adults with multiple disabilities. After five years she transferred to the field of inclusive schooling for students with autistic spectrum disorder, both at the pre- and compulsory school level.

### Key words

Mothering – Parental involvement – Special Needs – Compulsory School – Social Class



Berglind Rós Magnúsdóttir og Helga Hafdís Gísladóttir. (2017).

„Þá er gott að fá einhvern utanaðkomandi...sem borin er virðing fyrir“: Bjargráð mæðra við skólagöngu einhverfra barna sinna í ljósi stéttakenningar Bourdieu.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/08>